

Borgarráð

Viðbótarframlag vegna nýrra verklagsreglna um laun til listamanna

Lagt er til að borgarráð samþykki að bæta við framlagi við fjárhagsramma Menningar- og ferðamálasviðs um sem nemur 8,5 m.kr. og vísa til fjárhagsáætlunargerðar, til að mæta tillögum að nýjum verklagsreglum Listasafns Reykjavíkur um greiðslur til myndlistarmanna. Upphæðin tekur mið af tillögunum og þeim sýningum sem fyrirhugaðar eru á næsta ári. Upphæðin kann að vera breytileg frá ári til árs enda er hún reiknuð út frá fjölda, eðli og umfang sýninga, starfslaunum listamanna og leiðbeinandi texta Sambands íslenskra myndlistarmanna, SÍM.

Greinargerð:

Undanfarið hefur verið unnið að nýjum verklagsreglum fyrir Listasafn Reykjavíkur um greiðslur til myndlistarmanna vegna þátttöku í sýningum og vinnu við eigin sýningar innan safnsins. Höfð var að leiðarljósi aðgerðaráætlun menningarstefnu Reykjavíkurborgar sem staðfest var af menningar- og ferðamálaráði í september 2016. Í aðgerðaráætluninni segir:

Verklagsreglur fyrir menningarstofnanir Reykjavíkurborgar (verði) mótaðar í samvinnu forstöðumanna þeirra og Bandalags íslenskra listamanna sem miða að því að réttur listamanna til launa fyrir vinnuframlag sitt sé virtur og höfundaréttur þeirra hafður í hávegum.

Tillögur að verklagsreglum sem nú hafa litið dagsins ljós eru unnar í samstarfi við Bandalag íslenskra listamanna, líkt og mælt er fyrir um í aðgerðaráætluninni. Tillögurnar hafa verið kynntar stjórn Sambands íslenskra myndlistarmanna, SÍM sem hefur lýst yfir ánægju sinni og styður verklagsreglurnar heilshugar.

Markmiðið er að tryggja að listamenn fá sanngjarnar greiðslur fyrir þátttöku í sýningum og það vinnuframlag sem innt er af hendi í tengslum við sýningar. Verklagsreglunum er jafnframt ætlað að vera gagnsæjar en í útreikningum er meðal annars miðað við starfslaun listamanna og leiðbeinandi texta SÍM. Til að mæta þeim kostnaði sem nýjar verklagsreglur hafa í för með sér þarf að auka framlag til safnsins um sem nemur 8,5 m.kr. Jafnframt þarf að taka tillit til þess að upphæðin kann að vera breytileg frá ári til árs enda fer hún eftir umfangi, eðli og fjölda sýninga.

Hjálagðar eru tillögur að nýjum verklagsreglum, ásamt viðauka og útreikningum en reikna má með að það þurfi að endurnýja þær reglulega eftir því sem forsendur breytast, svo sem starfslaun listamanna og leiðbeinandi texti SÍM.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Tillögur að nýjum verklagsreglum-DRÖG

Viðauki við verklagsreglur-DRÖG

Útreikningar á þóknun til listamanna 2017-18-DRÖG

Verklagsreglur Listasafns Reykjavíkur vegna greiðslna til myndlistarlistamanna fyrir þátttöku í sýningum og vinnu við eigin sýningar innan safnsins.

Markmið verklagsreglna er að tryggja að listamenn fá sanngjarnar greiðslur fyrir þátttöku í sýningum og vinnuframlag sem innt er af hendi í tengslum við sýningar á verkum þeirra. Verklagsreglur þessar eru unnar í samræmi við menningarstefnu Reykjavíkurborgar og 1. kafla aðgerðaráætlunar sem fylgir stefnunni.

Verklagsreglur tryggja gagnsæi og fjármögnun og eru undirstaða samkomulags sem tryggt er með skriflegum samningum.

1. Listasafn Reykjavíkur greiðir þóknun til listamanna fyrir þátttöku í sýningum og miðast greiðslur við:
 - það hvort verk eru unnin sérstaklega fyrir sýningu í safninu
 - fjölda listamanna sem eiga verk á sýningu og stærð sýningar þ.e. þess rýmis sem sýningin fyllir í safninu
 - umfang verka þegar litið er til þess tíma sem verk/sýning var í undirbúningi, efnis og tæknilegrar útfærslu verka auk þess sem horft er til þess rýmis sem verkið/sýningin fyllir í safninu
 - greiðsla fyrir tímatengd verk svo sem gjörninga, tekur á sama hátt mið af lengd gjörnings og umfangi undirbúnings og því hvort hvort um nýjan eða gamlan gjörning er að ræða.
2. Listasafn Reykjavíkur greiðir fyrir þann tíma sem listamaður vinnur í safninu við uppsetningu eigin verks/verka. Greitt er fyrir umsamda tíma og er tímakaup miðað við gjaldskrá Sambands íslenskra myndlistarmanna.
3. Listasafn Reykjavíkur greiðir listamönnum sérstaklega fyrir alla þátttöku í opinberri miðlun sýninga s.s. í leiðsögnum, þátttöku í málþingum og öðrum viðburðum þar sem óskað er eftir því að listamenn skýri eða ræði verk sín. Greiðslur taki mið af gjaldskrá Sambands íslenskra myndlistarmanna.

Viðauki við verklagsreglur Listasafns Reykjavíkur varðandi greiðslur til listamanna vegna eigin sýninga í safninu.

Viðauki við lið nr. 1 í verklagsreglum:

Listasafn Reykjavíkur greiðir þóknun til listamanna fyrir þátttöku í sýningum og miðast greiðslur við umfang sýninga eins og fram kemur í verklagsreglum. Miðast greiðslur við eftirtalda fimm flokka og er markmið þeirra sanngjörn skipting greiðslna til listamanna sem taka þátt í sýningum safnsins. Grunnviðmið greiðslu eru starfslaun listamanna hverju sinni. Starfslaun listamanna eru nú 370.656 krónur á mánuði samkvæmt fjárlögum 2017.

Pantað verk: Listaverk sem safnið óskar eftir að listamaður vinni sérstaklega fyrir sýningu í safninu. Um slík verk gilda sérstakir samningar þar sem m.a. þátttaka í safnsins í efniskostnaði kemur fram.

Nýtt verk: Listaverk sem ekki hefur verið sýnt fyrr, er nýlega unnið af listamanni og valið til sýningar í safninu.

Eldra verk: Listaverk sem skapað var fyrir nokkrum tíma, getur hafa verið sýnt áður og var ekki unnið sérstaklega fyrir sýninguna.

A: LR – þóknun I.

Yfirlitssýning á verkum listamanns sem starfað hefur í minnst 20 ár, sýning á pöntuðu verki/verkum sem fyllir t.d. A-sal Hafnarhúss eða V- sal Kjarvalsstaða. Einkasýning á mörgum nýjum verkum í mörgum sölum Hafnarhúss, vestursal Kjarvalsstaða eða öllu Ámundarsafni.

Heildarþóknun 2 x starfslaun (2018 kr. 741.312)

B: LR – þóknun II.

Einkasýning á pöntuðu verki eða nýjum verkum í minni sölum Hafnarhúss eða sambærilegu rými t.d. á göngum Kjarvalsstaða eða minni rýmum Ámundarsafns. Ný verk eða pöntuð á samsýningu með 4 listamönnum eða færri í stærri sölum Hafnarhúss eða vestursal Kjarvalsstaða eða Ásmundarsafni.

Heildarþóknun 1 x starfslaun (2018 kr. 370.656)

C: LR – þóknun III.

Þátttaka í samsýningu 5 – 10 listamanna með pöntuð eða ný verk í stærri sölum Hafnarhúss eða Kjarvalsstaða eða í öllu Ásmundarsafni. Samsýning allt að 4 listamanna með pöntuð eða ný verk í minna rými s.s. litlum sal í Hafnarhúsi. Einkasýning á eldri verkum í litlu rými s.s. minni sölum Hafnarhúss. Flutningur nýs umfangsmikils gjörnings.

Heildarþóknun 1/2 x starfslaun (2018 kr. 185.328)

D: LR – þóknun IV.

Þátttaka með ný verk í samsýningu með 10 listamönnum eða fleiri. Þátttaka með eldri verk í samsýningu með 10 listamönnum eða færri. Flutningur nýs gjörnings.

Heildarþóknun 1/4 x starfslaun (2018 kr. 92.664.-)

E: LR – þóknun VI.

Þátttaka með eldra verk í samsýningu fleiri en 10 listamanna. Flutningur eldri gjörnings. Stök sýning á myndbandsverki (1-3 skipti).

Heildarþóknun 1/8 x starfslaun (2018 kr. 46.332.-)

Útreikningar á þóknun til listamanna 2017-18

DRÖG / TRÚNAÐARGÖGN

Sýningar 2017	Áætlun	Viðmið SIM	Viðmið LR	Uppsetning	Leiðsögn	Aths.
Kjarval	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	verk úr safneign
Ásmundur	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	látinn listamaður
Erró	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	verk úr safneign
Hrina	0 kr.	0 kr.	0 kr.	195.000 kr.	360.000 kr.	verk úr safneign
D-29	120.000 kr.	432.000 kr.	370.656 kr.	208.000 kr.	24.000 kr.	einkasýning
IS A-salur	500.000 kr.	624.000 kr.	741.312 kr.	364.000 kr.	24.000 kr.	einkasýning
Hönnun	600.000 kr.	672.000 kr.	926.640 kr.	520.000 kr.	120.000 kr.	5 listamenn
D-30	120.000 kr.	336.000 kr.	370.656 kr.	208.000 kr.	24.000 kr.	einkasýning
Louisa	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	látinn listamaður
LHÍ	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	útskriftarsýning
RK A-F salir	600.000 kr.	768.000 kr.	741.312 kr.	364.000 kr.	24.000 kr.	einkasýning
PC E-F salir	120.000 kr.	336.000 kr.	741.312 kr.	260.000 kr.	24.000 kr.	einkasýning
AL V-salur	500.000 kr.	672.000 kr.	741.312 kr.	364.000 kr.	24.000 kr.	einkasýning
D-31	120.000 kr.	720.000 kr.	370.656 kr.	208.000 kr.	24.000 kr.	einkasýning
Stór-Ísland	840.000 kr.	1.344.000 kr.	1.297.296 kr.	728.000 kr.	168.000 kr.	7 listamenn
IC F-salur	120.000 kr.	480.000 kr.	370.656 kr.	208.000 kr.	24.000 kr.	samsýn. m. Erró
FP A-salur	500.000 kr.	624.000 kr.	741.312 kr.	364.000 kr.	24.000 kr.	einkasýning
Samtímalist	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	verk úr safneign
Þóknun	4.140.000 kr.	7.008.000 kr.	7.413.120 kr.	3.991.000 kr.	864.000 kr.	
Uppsetning	100.000 kr.	3.991.000 kr.	3.991.000 kr.			
Leiðsögn	300.000 kr.	864.000 kr.	864.000 kr.			
ALLS	4.540.000 kr.	11.863.000 kr.	12.268.120 kr.			
Sýningar 2018						
Kjarval	n.a.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	verk úr safneign
Ásmundur	n.a.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	verk úr safneign
Erró	n.a.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	verk úr safneign
Myrkraverk	n.a.	504.000 kr.	185.328 kr.	312.000 kr.	48.000 kr.	samsýn. lífs og liðnir
Samsýning	n.a.	1.248.000 kr.	1.482.600 kr.	156.000 kr.	96.000 kr.	4 listamenn
D-32	n.a.	576.000 kr.	370.656 kr.	208.000 kr.	24.000 kr.	einkasýning
Innrás ÁS	n.a.	480.000 kr.	370.656 kr.	416.000 kr.	96.000 kr.	4 listamenn
LHÍ	n.a.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	útskriftarsýning
Víðerni KJST	n.a.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	lán frá söfnum og verki
Víðerni HHÚS	n.a.	2.160.000 kr.	2.779.920 kr.	2.080.000 kr.	480.000 kr.	10 ný verk, 10 eldri
XX F-salur	n.a.	432.000 kr.	185.328 kr.	156.000 kr.	24.000 kr.	samsýn. m. Erró
Yfirlit V-salur	n.a.	480.000 kr.	741.312 kr.	364.000 kr.	24.000 kr.	einkasýning
A-salur einkasýning	n.a.	384.000 kr.	741.312 kr.	260.000 kr.	24.000 kr.	einkasýning
D-33	n.a.	468.000 kr.	370.656 kr.	208.000 kr.	24.000 kr.	einkasýning
Látinn erlendur listamaður	n.a.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	látinn listamaður
Þóknun		6.732.000 kr.	7.227.768 kr.	4.160.000 kr.	840.000 kr.	
Uppsetning		4.160.000 kr.	4.160.000 kr.			
Leiðsögn		840.000 kr.	840.000 kr.			
ALLS		11.732.000 kr.	12.227.768 kr.			